

# Barátta góðs og ills á Vestfjörðum

## Óttar Guðmundsson

Sturlunga er merkileg bók sem dregur upp fremur dapurlega mynd af íslenskum höfðingjum á 12. og 13. öld. Sagan einkennist af endalausum bræðra- og frændvígum þar sem fjölskyldur og vinir berast á banaspjótum og drepa hver annan miskunnarlaust. Í lok 13. aldar er búið að vængstýfa helstu fjölskyldur landsins með því að drepa fegurstu ættarlaukana. Kristileg lífsgildi voru sjaldnast höfð í hávegum þótt finna megi undantekningar frá þeirri reglu. Fremstan í þeim hópi verður að telja Hrafn Sveinbjarnarson höfðingja að Eyri við Arnarfjörð á Vestfjörðum. Sagan fer um hann fögrum orðum og lýsir dýrlingi fremur en dauðlegum manni. Hann var læknir góður eins og hann átti kyn til og tók ekkert fyrir læknisstörf sín. Hrafn var böngóður og hjálpsamur og stuðlaði meira að segja að bættum samgöngum á Vestfjörðum. Hann var miskunnssamur gagnvart fjandmönnum sínum og kunni að fyrirgefa í anda Krists. Það er erfitt fyrir geðlækni að geðgreina slíkt valmenni.

Helsti fjandmaður Hrafns, Þorvaldur Snorrason Vatnsfirðingur er algjör andstæða hans. Þorvaldur leitar ásjár hjá Hrafni í fyrstu en fljótlega vex með þeim ágreiningur sem runninn er undan rifjum Þorvaldar. Hann eflir ófrið við Hrafn og reynir að ráða hann af dögum sem mistekst. Eftir eina slíka tilraun á Hrafn alls kostar við Þorvald en kys að gefa honum grið, fyrirgefa honum og leysa hann út með gjöfum. Þetta magnaði að sjálfsögðu aðeins hatur Þorvaldar á lækninum og fer svo að Þorvaldi tekst að koma Hrafni á óvart og handtekur hann. Hrafn biður sér griða og lofar öllu fögru en Þorvaldur lætur taka hann af lífi.

Enginn vafi er á því að Þorvaldur Snorrason Vatnsfirðingur er

persónuleikaraskaður siðblindur og ákaflega sjálfmiðaður maður. Sagan segir að einhverju sinni hafi hann legið með tveimur frillum sínum í lokrekkju þegar fjandmenn hans reyndu að brenna hann inni. Hann er narsissiskur og hégómlegur, öfundsjúkur, afbrýðisamur, viðkvæmur og barnalegur eins og reyndar er títt um höfðingja á öllum tímum. Sennilega hefðu nútímageðlæknar greint hann með fjölmargar aðrar persónuleikaraskanir auk siðblindunnar.

Sagan af Hrafni og Þorvaldi er frásögn af viðureign tveggja ólíkra manna þar sem Þorvaldur er jafn illur og Hrafn er góður. Kannski má segja að illmennska Þorvaldar dragi góðmennsku og göfuglyndi Hrafns fram og fyrir vikið verði hann enn betri og heilagri enda eru þeir á sitt hvorum jaðri mannkostalitrofsins. Sýkópatinn tekst á við heiðarlegt göfugmenni.

Í þessari glímu fer svo að hið illa sigrar. Hrafn hefði getað leyst öll sín vandamál gagnvart Þorvaldi og þeim Vatnsfirðingum með því að drepa hann þegar hann átti þess kost. Hann valdi að hafa kristna siðfræði að leiðarljósi og galt fyrir þá yfirsjón með lífi sínu. Píslarsaga og dauðdagi Hrafns minnir á endalok Frelsarans sem dó á kvalfullan hátt með fyrirgefningarboðskap sinn á vörnum. Fleiri höfðingjar Sturlungaaldar deila þessari beisku reynslu með Hrafni. Sturla Sighvatsson kaus að þyrma lífi Gissurar Þorvaldssonar og glataði fyrir vikið öllu ríki sínu og lífinu.

Boðskapur sögunnar er því býsna einfaldur. Treystu engum og síst óvinum þínum. Dreptu fjandmenn þína án nokkurrar miskunnar ef þú hefur færi á því. Kristin siðfræði er góðra gjalda verð en hún leiðir þig einungis í dauðann meðan fjandmenn þínir njóta lífsins með frillum sínum í hlýju lokrekkjunnar.



## Hrafn Sveinbjarnarson – höfðingi, pílagrímur og læknir Ráðstefna á Hrafnseyri við Arnarfjörð, 24. ágúst 2013

08:55 – 09:35  
09:45 – 10:45  
10:40 – 11:10

Flug: Reykjavík-Ísafjörður  
Rútuferð: Ísafjörður-Hrafnseyri  
Kaffi/meðlæti  
Thor Vilhjálmsson í fótsporum Hrafns á pílagrímsvegum.  
Brot úr kvikmynd Erlends Sveinssonar „Draumurinn um Veginn“ sýnd í kapelli  
Setning ráðstefnu. Valdimar J. Halldórsson staðarhaldari  
Kynnir: Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir

11:10 – 11:15

11:15 – 11:45

Höfðingi nýrra tíma. Hrafn Sveinbjarnarson í samtíð sinni.

11:45 – 11:55  
11:55 – 12:40  
12:30 – 13:00

Fyrirlesari: Torfi H. Tulinius  
Umræður  
Matur  
Thor Vilhjálmsson í fótsporum Hrafns á pílagrímsvegum.  
Brot úr kvikmynd Erlends Sveinssonar „Draumurinn um Veginn“ sýnd í kapelli  
Undrin í skáldskap Hrafns sögu.

13:00 – 13:30

13:30 – 13:40  
13:40 – 14:10

Fyrirlesari: Guðrún Nordal  
Umræður  
Lækningar og sáluhjálp.  
Viðhorf til lækninga í Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar. Fyrirlesari: Ásdís Egilsdóttir

14:10 – 14:20  
14:20 – 14:50

Umræður  
Þvaggfæraskurðlæknirinn Hrafn Sveinbjarnarson.

14:50 – 15:00  
15:00 – 15:10

Fyrirlesari: Eiríkur Jónsson  
Umræður  
Guðrún P. Helgadóttir og fræðivinna hennar  
Jón Jóhannes Jónsson  
Kaffi

15:10 – 15:30  
15:30 – 16:15

Dýrlingur á faraldsfæti.  
Revía í tali og tónum.  
Óttar Guðmundsson og Diabolus In Medica  
Jóhanna V. Þórhallsdóttir, Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Páll Torfi Öundurson, Jón Sigurpálsson

16:15  
16:30 – 17:30  
18:05 – 18:45

Ráðstefnuslitið  
Rúta: Hrafnseyri – Ísafjörður  
Flug: Ísafjörður – Reykjavík

Fekari upplýsingar veitir Valdimar J. Halldórsson staðarhaldari, sími: 456 8260 og 845 5518. Sjá einnig: [www.facebook.com/#!/hrafnseyri](http://www.facebook.com/#!/hrafnseyri)